

# HÚSÖNDIN



24.tbl. 1.árg.  
18.júlí 2018

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com  
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:  
8492804

## AFMÆLISBÖRN DAGANA 19.JÚLÍ-1.ÁGÚST 2018



19.7 *Benedikt Þór Guðmundsson*

20.7 *Andri Karlsson*

21.7 *Apolline Alice Penelope Barra, Sólveig Illugadóttir*

23.7 *Jón Ingi Hinriksson, Linda Ósk Antonsdóttir,  
Örnólfur Jóhannes Ólafsson*

25.7 *Hjalti Gylfason, Margrét Ósk Friðriksdóttir,  
Steingrímur Jóhannesson*

26.7 *Kolbrún Ívarsdóttir*

30.7 *Erna Þórarinsdóttir*

31.7 *Böðvar Pétursson*

1.8 *Sigurður Ásgeirsson*



### Föstudaginn 20. júlí kl 21:00

ætlar Svala Björgvinsdóttir að mæta í Mývatnssveit og endurvekja rave stemninguna í flugskýli Mýflugs þar sem hún mun flytja blöndu af gömlu og nýju efni. Hinn ungi og efnilegi AFK ætlar að hita upp.


### Tónlistarviðburður ársins í Mývatnssveit sem þú mátt ekki missa af!

Enginn aðgangseyrir, fríir tónleikar og allir velkomnir!  
Baukur á staðnum fyrir frjáls framlög.

Tónleikarnir eru styrktir af Tónlistarsjóði, Skútustaðahreppi og Landsvirkjun

## 140 ÁRA AFMÆLI ÞVERÁRKIRKJU Í LAXÁRDAL

Sunnudaginn 19. ágúst nk. kl. 2 e.h. verður haldið uppá 140 ára afmæli Þveráarkirkju með messu, en kirkjuna reisti söfnuðurinn undir forystu Jóns Jóakimssonar (1816-1893) bónda á Þverá. Sérstaklega verður minnst umfangsmikillar endurnýjunar kirkjunnar á síðastliðnum árum og aðkomu Áskels Jónassonar á Þverá að því starfi. Sr. Kristján Valur Ingólfsson predikar og sr. Þorgrímur Daníelsson þjónar fyrir altari. Áferð messunnar mun að e-u leyti verða sótt til vísglumessunnar fyrir 140 árum. Áhersla verður lögð á tónlist, bæði í kirkju og yfir kirkjukaffi eftirá. Sólveig Anna Jónsdóttir er organisti, en Margrét Bóasdóttir stýrir tónlistinni. Safnaðarkonur sjá um kaffisamsæti. Gamli bærinn á Þverá verður opinn til sýningar. Sjá Facebókarsíðuna „Þveráarkirkja í Laxárdal“.





## Dælubílar, rotþróa- og stíflulosun



### Ágætu Mývetningar

Verðum með rotþróa- og stíflulosunarbíll í sveitinni dagana 24. til 26. júlí.

Pantið þjónustu tímanlega í síma 892-3762 eða 897-3258

Tölvupóstur [verkvalehf@simnet.is](mailto:verkvalehf@simnet.is)

# ENGIN ER ÆSKA ÁN BREKA

## KÆRU LESENDUR OG VIÐSKIPTAVINIR

Húsöndin verður í sumarfrí vikuna 22.-28. júlí. Næsti útgáfudagur er 1. ágúst. Þið getið haft samband við mig

í síma 849-2804 eða með tölvupósti [husondin@gmail.com](mailto:husondin@gmail.com).

Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl 14:00 á þriðjudögum.

Verðskrá:

1/3 síðu auglýsing: 2.800 kr. m/vsk.

1/2 síðu auglýsing: 3900 kr. m/vsk.

1/1 síðu auglýsing: 5.000 kr. m/vsk.

Allar hugmyndir og ábendingar eru vel þegnar.

Hafið það gott, kær kveðja, Arnþrúður



Kæru fjölskyldur í Þingeyjarsýslum

Unglingalandsmót UMFÍ verður haldið í Þorlákshöfn dagana 2.-5. ágúst n.k. Keppnisrétt hafa allir á aldrinum 11-18 ára og bjóðum við börn fædd árið 2007 og fjölskyldur þeirra sérstaklega velcomin að slást í för með okkur í ár. Keppnisgreinarnar í ár eru yfir 20 og af mjög fjölbreyttum toga s.s. dorgveiði, sandkastalagerð, stafsetningu, ásamt hefðbundum íþróttagreinum – kynnið ykkur úrvalið á [www.ulm.is/dagskra/](http://www.ulm.is/dagskra/). Yngri krakkar geta einnig notið sín við fjölbreytta afþreyingu, leiki og skemmtun sem verður í boði.



Unglingalandsmótið er vímulaus íþrótt- og fjölskylduhátíð og hvetjum við alla til að mæta. HSP niðurgreiðir mótsgjaldið líkt og undanfarin ár fyrir þingeysk ungmenni og greiða iðkendur af starfssvæði HSP aðeins kr. 2940,- og geta þá keppt í eins mörgum greinum og þeir vilja. Aðrir mótsgestir greiða ekkert gjald en geta þó tekið þátt í þeirri afþreyingu og verkefnum sem boðið er upp. Skráning og allar nánari upplýsingar um keppnisgreinar er að finna á [www.ulm.is](http://www.ulm.is). Skráningafrestur rennur út á miðnætti þann 30. júlí.

Endilega hafið samband ef einhverjar spurningar vakna í síma: 896-3107 eða á netfanginu [hsth@hsth.is](mailto:hsth@hsth.is).

Unglingalandsmótsnefnd HSP